

Úthlutunarreglur stjórnar Umhverfissjóðs sjókvíaeldis

1. gr.

Auglýsing

Stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis auglýsir árlega eftir umsóknum um úthlutun styrkja, í fjölmiðlum og á vef sjóðsins.

Í auglýsingu skal taka fram hvaða kröfur eru gerðar til umsókna og hvaða gögn skuli fylgja þeim.

Jafnframt skal í auglýsingu gera grein fyrir þeim áherslum sem stjórn hyggst fara eftir við forgangsroðun verkefna við úthlutun hverju sinni.

2. gr.

Styrkhæfi verkefna

Með sjóðnum skal greiða kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður og miða að því að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Jafnframt er heimilt að veita veiðiréttarhöfum styrki úr sjóðnum til að mæta þeim kostnaði eða tekjumissi sem þeir hafa orðið fyrir vegna tjóns sem er ekki hægt að rekja til ákveðinnar eldisstöðvar. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur eða eftir öðrum leiðum en tilgreindar eru í auglýsingu eru ekki teknar til umfjöllunar.

3. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Umsóknum skal skilað inn rafrænt í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins. Til að umsókn teljist fullnægjandi skal henni fylgja:

- a. Fjárhagsáætlun
- b. Ítarleg og sundurliðuð verk- og tímaáætlun

Stjórn sjóðsins getur óskað eftir frekari upplýsingum frá umsækjendum ef þörf er á.

Styrkir eru veittir til eins árs í senn. Verkefni geta þó tekið lengri tíma eða allt að þremur árum. Í umsókn skal koma fram hvort líklegt sé að sótt verði um framhaldsstyrk vegna verkefnisins og skulu þá atriði sem fram koma í a. og b. lið einnig ná til verkefnisins í heild.

Ef sótt er um framhaldsstyrk til verkefnis skal gera grein fyrir framvindu verkefnisins með umsókninni.

Í samræmi við 29. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna safnar matvælaráðuneytið kyngreindum tölfræðigögnum um sjóði og skal stjórn því óska eftir þeim upplýsingum á umsóknareyðublaði. Ráðuneytið safnar einnig upplýsingum um skiptingu styrktra verkefna á milli landshluta og skal stjórn óska eftir þeim upplýsingum á umsóknareyðublaði.

4. gr.

Viðmið við úthlutun

Stjórn sjóðsins leggur faglegt mat á umsóknir og skal verkefnum forgangsraðað í samræmi við hlutverk sjóðsins skv. lögum sem og áherslur hans hverju sinni. Um málsmeðferð við ákvarðanir um veitingu styrkja gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Meta skal hvort umsóknir uppfylla markmið sjóðsins um að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis.

Við mat á umsóknum skal stjórn leggja áherslu á:

- a) Gæði verkefnis
- b) Hæfni umsækjenda til að leysa verkefnið
- c) Þekkingu
- d) Reynslu
- e) Aðstöðu
- f) Raunhæfni áætlana

Við ákvörðun um styrki skal m.a. haft til hliðsjónar framlag umsækjanda til verkefnisins, þ.e. fjárhagslegt, vísindalegt og tæknilegt framlag. Einnig skal litið til samstarfs við fagaðila þegar ákvörðun er tekin um styrkveitingu. Stjórn sjóðsins getur leitað umsagna og upplýsinga frá opinberum aðilum varðandi tilteknar umsóknir sem og álits utanaðkomandi sérfræðinga á sviði fiskeldis og líffræði við mat á umsóknum.

5. gr.

Framkvæmd úthlutunar og eftirfylgni

Starfsmaður stjórnar setur umsóknir og fylgigögn inn á sameiginlegt vefsvæði stjórnar til yfirferðar.

Afgreiða skal umsóknir til sjóðsins á stjórnarfundum og skal starfsmaður færa til bókar ákvörðun um afgreiðslu umsókna. Stjórn skal leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu um ákvarðanir um afgreiðslu umsókna. Takist það ekki ræður afl atkvæða og skal atkvæði formanns ráða úrslitum ef atkvæði falla jafnt.

Við mat á umsóknum skal stjórnin viðhafa vandaða stjórnsýsluhætti, m.a. hvað varðar leiðbeiningar til umsækjenda, og byggja ákvarðanir sínar á lögum og málefnalegum sjónarmiðum. Stjórninni ber að gæta jafnræðis við mat umsókna og ákvörðun um úthlutun. Stjórnarmenn skulu taka afstöðu til hæfis síns gagnvart einstaka umsóknum. Telji stjórnarmaður sig vanhæfan til að fjalla um einstaka umsókn skal hann víkja fundi á meðan fjallað er um hana. Vanhæfi skal skráð í fundargerð.

Öllum umsóknum skal svarað skriflega og í samræmi við verklagsreglur matvælaráðuneytisins.

Tilkynna skal um úthlutun úr sjóðnum á heimasíðu hans www.umsj.is.

Gera skal samning við styrkhafa sjóðsins þar sem gerð er grein fyrir skilyrðum styrkveitingar, hlutverkum samningsaðila og ákvæðum um vanefndir. Í samningi skal einnig fjallað um greiðslutíðgun.

Styrkhafar skulu skila framvindu- og/eða lokaskýrslum til stjórnar skv. samningum. Í skýrslu skal styrkhafi gera grein fyrir stöðu verkefnisins og ráðstöfun styrksins. Stjórn sjóðsins er heimilt að nýta sérfræðiþjónustu utanaðkomandi sérfræðinga á sviði fiskeldis og líffræði við eftirfylgni með verkefnum. Starfsmaður, í samráði við stjórn sjóðsins, fer yfir skýrslur og kannar hvort framvinda sé í samræmi við samning vegna verkefnisins.

6. gr.

Vanefndir og endurúthlutun styrkja

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu útgreiddra styrkja eða styrkhluta verði verulegur, óútskýrður dráttur á framvindu verkefnis eða lokaskýrslu. Veita skal viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta áður en til afturköllunar kemur.

Samþykkt í stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis 14. febrúar 2023.